

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. desember 2020 til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, vegna auglýsingar um tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Kvosin, Landsímareitur.

Leiðréttingin er: til og með 18. janúar 2021

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Kvosin, Landsímareitur birtist í Frétta- og Lögbirtingablaðinu á morgunn miðvikudaginn 2. desember 2020. Tillagan er í kynningu frá 2. desember 2020 til og með 18. janúar 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kvosin-landsimareitur-1>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 11. nóvember 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. nóvember 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Landsímareits. Í breytingunni felst að heimildum fyrir gerð kjallara og nýtingu efri hæða aðlægt Vallarstræti er breytt að hluta til, einnig er bætt við byggingareit fyrir sólstofu á 5. hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **2. desember 2020 til og með 18. janúar 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 18. janúar 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is